



## Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

9. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu á Borg, föstudaginn 2. júní 2023 kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Smári Bergmann Kolbeinsson, formaður  
Björn Kristinn Pálmarsson  
Þorkell Þorkelsson  
Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður aðveitna  
Iða Marsibil, sveitarstjóri  
Ása Valdís Árnadóttir, Oddviti

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

#### 1. Framkvæmdir í Grímsnes- og Grafningshreppi 2023

Ragnar kynnti stöðu þeirra verkefna sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2023.

*Lagt fram til kynningar.*

#### 2. Drög að uppfærðum reglum um úthlutun lóða í Grímsnes- og Grafningshreppi

Farið yfir drög að uppfærðum reglum um úthlutun lóða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Framkvæmda- og veitunefnd leggur til lítilsháttar breytingar á drögunum áður en þær verða lagðar fyrir sveitarstjórn. Tillögur að breytingum voru skráðar niður á fundinum.*

#### 3. Minnisblað ÍSOR dags. 23.05.2023 um mælinga- og rannsóknaráætlun vegna mögulegrar vatnstöku í landi Hallkelshóla

Fyrir liggur minnisblað ÍSOR dags. 23.05.2023 um mælinga- og rannsóknaráætlun vegna mögulegrar vatnstöku í landi Hallkelshóla. Hugmyndir eru um að nýta uppsprettur og lindir austanvert í landi Hallkelshóla í þágu veitna sveitarfélagsins. Ekki er fyrirsjáanlegt að umfangsmikilla framkvæmda sé þörf til að nýta vatnið og bæta inn á veitukerfi sveitarfélagsins og rask því ekki verulegt.

*Lagt fram til kynningar.*



## Frankvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### 4. Niðurstöður útbóðs í verkið „Athafnasvæði við Sólheimaveg – Gatnagerð“

Fyrir liggur fundargerð frá opnunarfundi tilboða í verkið „Athafnasvæði við Sólheimaveg – Gatnagerð“ sem haldinn var þann 9. maí 2023.

#### **Eftirfarandi tilboð bárust:**

Aðalleið ehf: 99.434.550 kr.

Aðalleið ehf frávikstilboð: 81.724.800 kr.

Suðurtak ehf: 78.447.024 kr.

Magnús Ingberg Jónsson: 114.236.600 kr.

*Frankvæmda- og veitunefnd leggur til að tilboði lægstbjóðanda, Suðurtaks ehf. verði tekið.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 10:30